

## Úr 94. KAFLA:

- 94.02 Húsgögn fyrir lækniþætur, þar með talðar tannlæknis- og dýralæknisþætur; tannlæknastólar og önnur slík sæti með mekanískum lyfti- og öðrum hreyfiútbúnaði; hlutar til þessara húsgagna.

Auglýsing þessi öðlast gildi mánudaginn 28. september 1987 og kemur í stað auglýsingar ráðuneytisins um erlendar lántökur og leigusamninga o. fl. nr. 227 25. maí 1987 og gildir til ársloka 1988.

*Viðskiptaráðuneytið, 24. september 1987.*

**Jón Sigurðsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

Nr. 435

21. september 1987

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Eftirtalðar breytingar verði á 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. málslíður 2. mgr. 2. tölulíður orðist svo:

Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- og víngerðar, poppkorns, hvers konar íss eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskyldt samkvæmt lögum um vörugjald.

- b. 3. tölulíður orðist svo:

Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa, greiðasölustaða, mötuneyta og annarra aðila, sem selja tilbúinn mat, er samsvarar 75% af innkaupsverði hráefnis til matargerðar sem undanþegið er söluskatti samkvæmt 2. tölulíð þessarar greinar. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort hráefnið er gjaldskyldt til sérstaks söluskatts eða ekki.

- c. 21. tölulíður orðist svo:

Sala eða leiga á kvikmyndum til kvikmyndahúsa eða sjónvarpsstöðva sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.

- d. 22. tölulíður falli niður.

## 2. gr.

16. tölulíður 14. gr. reglugerðarinnar falli niður.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. október 1987 og kemur til framkvæmda í fyrsta sinn vegna uppgjörs söluskatts vegna októbermánaðar 1987.

*Fjármálaráðuneytið, 21. september 1987.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Lárus Ögmundsson.*